

Umsögn um skýrsluna Verðmætamat kvennastarfa

Katrín Ólafsdóttir, PhD, dósent við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Alþingi samþykkti árið 1961 lög um launajöfnuð kvenna og karla. Laun kvenna skyldu hækka í áföngum til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofuvinnu, fyrst með hækkun um 1/6 launamismunarins og síðan árlega þar til fullum launajöfnuði væri náð árið 1967. Ríflega hálfri öld síðar hefur launajafnrétti ekki enn náðst.

Launamunur kynjanna hefur vissulega farið minnkandi. Frá 2008-2019 lækkaði óleiðréttur launamunur úr 20,5% í 13,9% og leiðréttur launamunur fór úr 6,4% í 4,3% samkvæmt nýútgefinni launarannsókn Hagstofunnar.

Stórt skref í átt að launajafnrétti var stigið þegar jafnlaunavottun var innleidd. Helsti kostur vottunarinnar er að ábyrgð er lögð á vinnuveitendur að greiða starfsfólki sínu eftir því sem það raunverulega leggur fram á sínum vinnustað. En á sama tíma tekur jafnlaunavottunin eingöngu til sama vinnustaðar og tryggir því ekki jöfn laun á milli fyrirtækja eða á milli atvinnugreina. Í rannsókn Hagstofunnar kemur fram að stærsta ástæða launamunar kynjanna er að konur og karlar starfa í mismunandi atvinnugreinum og gegna mismunandi störfum innan þeirra. Með öðrum orðum er kynbundinn vinnumarkaður meginorsök kynbundins launamunar.

Af framangreindu virðist nokkuð ljóst að launajafnrétti næst seint eða aldrei ef ekkert er að gert. Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt að eitt af því sem heldur aftur af þróuninni er ómeðvitaður bjagi (e. unconscious bias). Ósjálfrátt metum við karla og konur á mismunandi máta þótt upplýsingarnar sem við höfum í höndunum gefi okkur ekkert tilefni til þess. Ósjálfrátt teljum við karlinn betri en konuna, þótt upplýsingarnar sem við höfum séu nákvæmlega þær sömu. Ástæðan fyrir þessum mun liggur djúpt í hefðum, venjum og menningu okkar.

Til að þess að útrýma launamisrétti þarf því annað tveggja að útrýma ómeðvituðum bjaga, eða leita leiða til að meta störf á hlutlausan hátt. Einmitt sú aðferð er lögð til í skýrslunni Verðmætamat kvennastarfa sem inniheldur tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.

Í skýrslunni Verðmætamat kvennastarfa er lagt til að komið verði á fót aðgerðahópi stjórnvalda um launajafnrétti sem hafi það hlutverk meðal annars að greina vandann með því að koma á fót tilraunaverkefni um mat á virði starfa til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og kunna að vera vanmetnir. Samhliða þessari greiningu yrðu þróuð verkfæri til að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Þá verði þróuð samningaleið að Nýsjálenskri fyrirmynd um jafnlaunakröfur. Samningaleiðin verði þróuð með aðilum vinnumarkaðarins og horft til áhrifa breytinga á ráðningasamböndum og útvistun starfa á launamun kynjanna. Jafnframt verði aukin þekking og vitund um jafnvirðisnálgun jafnréttislaganna með fræðslu og ráðgjöf.

Með því að framfylgja tillögum starfshópsins getur Ísland enn einu sinni sest á fremsta bekk þeirra ríkja sem fremst standa í jafnréttismálum. Ég styð því tillögur nefndarinnar og mæli eindregið með því að þær nái fram að ganga.